

4 | Íþróttir

Sjö Íslandsmeistararitlar til Selfyssinga á heimavelli

SELFYSSINGAR voru sigursælir á Íslandsmeistaramótinu í almennum fimleikum sem fram fór á þeirra heimavelli í gær. Þeir unnu sjö Íslandsmeistararitla af níu sem í boði voru. Keppt var í 1.-6. þrepi kvenna og í 3. þrepi karla en keppni í 1. og 2. þrepi karla lauk í fyrri hluta mótsins sem haldið var í Mosfellsbæ.

Keppendur á Selfossi í gær voru 56 talsins frá tíu félögum víðsvegar að af landinu en það voru þeir sem höfðu unnið sér þátttökurétt á mótinu. Ekki var undankeppni í 4., 5. og 6. þrepi kvenna þar sem færri en tíu keppendur voru skráðir til leiks.

Íslandsmeistarar urðu eftirtaldir:

1. þrep stúlkna: Ásta Petrea Hannesdóttir, Selfossi

1. þrep drengja: Ævar Elí Bjarnason, Selfossi

2. þrep stúlkna: Gígja Sunneva Bjarnadóttir, Rán

2. þrep drengja: Eysteinn Máni Oddsson, Selfossi

3. þrep stúlkna: Elísa Dagmar Björgvinsdóttir, Selfossi

3. þrep drengja: Ægir Atlason, Selfossi

4. þrep stúlkna: Arna Björg Gunnarsdóttir, Selfossi

5. þrep stúlkna: Eva Grímsdóttir, Selfossi

6. þrep stúlkna: Berglind B. Sveinbjörnsdóttir, Keflavík

vs@mbl.is



Meistarar Íslandsmeistararnir sjö sem Selfyssingar eignuðust í gær.

Meistararnir áfram í bikar

BIKARMEISTARAR Þróttar í Reykjavík sér um helgina sæti í úrslitakeppni Bikarsins í blaki, en fyrri hluti undanliks var leikinn í Fylkishöllinni í Reykjavík helgina. Stjarnan komst einnig áfram flokki og hjá konunum voru það KA c armeistarar Þróttar Neskaupstað sem áfram.

Leikið var í tveimur riðlum hjá báð og var mikil spennan hjá konunum. KA mættust í hreinum útslitaleik um laus þar hafði KA betur í oddahrinu, 17:15 riðlinum mættust Þróttar frá Neskaupstað Fylkir og þar höfðu Austfirðingar bet hrunu, 15:12.

Síðari hluti undankeppinnar í bikarblökum verður á Akureyri 12. og 13. og þar skýrist hvaða fjögur önnur lið undanúrslitin. skuli@mbl.is



Morgunblaðið/Golli

Undanúrslit Jónas Ásgeir Ásgeirsson var nálægt því að komast í úrslitaleikinn.



Morgunblaðið/Golli

Úrslit Gunnhildur Garðarsdóttir fór í úrslitaviðureignina í kvennaflokki.

Öfundaðir af aðstöðunni

● Ágætur árangur Íslendinga á alþjóðlegu skylmingamóti í Laugardal ● Gunnhildur fær veik en nærri sigri ● Þýskur og danskur meistari fengu harða keppni ● Íslenskur sigur í liðakeppninni í gær

Íslendingar náðu ágætum árangri á alþjóðlegu skylmingamóti ungmenna 17 ára og yngri sem fram fór í skylmingasalnum á Laugardalsvelli um helgina. Keppt var í einstaklingskeppni á laugardag en í gær unnu þeir Jónas Ásgeir Ásgeirsson, Guðjón Ragnar Brynjarsson og Hilmar Örn Jónsson til sigurs í liðakeppni. Átta erlendir keppendur frá Þýskalandi, Danmörku, Hollandi og Bretlandi tóku þátt í mótinu sem er hluti af evrópsku ungmennamótaröðinni en þetta er í fyrsta skipti sem svona mót er haldið hér á landi.



Eftir Sindri Sværissón
sindris@mbl.is

Það var Þjóðverjinn Adam Domanski sem fagnaði sigri í einstaklingskeppni karla á laugardaginn eftir keppni við Danann Magnus Normann Jörgensen. Báðir lögðu þeir Íslendingar að velli í undanúrslitum en Domanski hafði betur gegn fyrirnefndum Jónasi Ásgeiri í hörkuviðureign, 15:13, og Jörgensen vann Guðjóni Ragnar 15:10. „Keppni í karlaflokki var mjög spennandi enda margir sterkir erlendir keppendur,“ sagði Nikolay Iv-

anov Mateev framkvæmdastjóri skylmingasambands Íslands í samtali við Morgunblaðið í gær eftir þetta vel heppnaða mót sem ber heitið Reykjavík Cup 2009.

„Adam Domanski, Þjóðverjinn sem vann, er til að mynda einn efnilegasti skylmingamaður Þýskalands og varð þýskur meistari í flokki 15 ára og yngri í ár. Magnus er svo af miklum skylmingaættum og danskur meistari. Strákarnir stóðu vel í þeim í undanúrslitunum og viðureignin milli Domanski og Jónasar var mjög jöfn. Jónas vantaði bara aðeins meiri kraft í lokin til að klára dæmið,“ sagði Nikolay.

„Gunnhildur er hetja“

Hann var einnig mjög ánægður með Gunnhildi Garðarsdóttur sem var hársbreidd frá því að landa sigri í kvennaflokki. Hún tapaði með naumindum fyrir Kayli Hensen frá Hollandi í úrslitakeppninni en Hensen var eini erlendir keppandinn í kvennaflokki.

„Gunnhildur er sko hetja. Hún var með yfir 38 stiga hita og magapest og hefði í raun alls ekki átt að vera að keppa. En hún er með einstakan karakter og ætlaði sér að vinna mótið. Þegar komið var í úrslitabardagann var hún hins vegar svo að segja búin á því. Samt tapaði hún bara 15:13 og það sást alveg að ef hún hefði ekki



Morgunblaðið/Golli

Ákveðin Gunnhildur mundar sverðið í úrslitabardaganum gegn Kayli Hensen.

verið veik hefði hún rústað þessari viðureign,“ sagði Nikolay. Í liðakeppninni í gær kepptu svo fimm lið. Þar af voru þrjú íslensk, eitt breskt og eitt alþjóðlegt sem í voru títtnefndur Domanski, breskur keppandi og Jón Þór Backman úr FH. Þar náðu þeir Jónas Ásgeir og Guðjón Ragnar fram hefndum eins og áður segir.

Bretarnir vilja æfa hér

Ekki eru mörg misseri síðan skylmingaaðstaðan í Laugardalnum var vígð en hún hefur gjörbreytt allri aðstöðu fyrir íslenskt skylmingafólk. Nikolay segir erlendu keppendurna enda hafa liðið hana öfundaraugum og að hún hafi hreinlega slegið í gegn.

„Þetta mót gekk mjög vel og allir erlendu keppendurnir eru mjög hrifnir af skylmingaaðstöðunni okkar. Bretarnir fjórir sem komu vilja til að mynda koma aftur í æfingabúðir strax í maí og Þjóðverjarnir sýndu því áhuga líka. Það var allt til fyrirmyndar hérna,“ sagði Nikolay sem er þess fullviss að framhald verði á svona mótum hér á landi.

„Þetta mót verður haldið hérna aftur á næsta ári. Það er alltaf þannig þegar svona mót eru haldin í fyrsta skipti að það er erftitt að fá keppendur til að koma, þannig að ég er mjög hjartstýnn á að fá miklu fleiri á næsta ári,“ sagði Nikolay.